

# XIX. þing Félags Íslenskra Lyflækna



1. - 2. október 2010 á Radisson SAS Hótel Sögu

Þing Félags íslenskra lyflækna hafa í meira en þrjú áratugi verið mikilvægur vettvangur fyrir lyflækna hér á landi til kynna vísindarannsóknir sínar og skiptast á skoðunum um áhugaverð málefni á sviði lyflækninga og heilbrigðismála. Þingið hefur jafnan verið haldið utan Reykjavíkur en mun nú fara fram í höfuðborginni í fyrsta sinn. Stefnt er að því að dagskrá þingsins verði glæsileg og höfði til breiðs hóps lyflækna og annarra sem áhugasamir eru um lyflækisfræði. Meginþema þingsins verða lungnasjúkdómar og smitsjúkdómar. Meðal þess sem fjallað verður um á þinginu er:

- Meðferð langvinnrar lungnateppu og kæfisvefns með áherslu á nýjungar, árangur og kostnað.
- Eru berklar á hverfanda hveli eða þurfa lækna enn að gefa þeim gaum?

- Inflúensa – hvaða lærdóm getum við dregið af svínaflensufaraldrinum?
- Blóðþynningarmeðferð hjá sjúklingum með gáttatif og notagildi prótondæluhema.
- Staða klínískra lyfjarannsókna hér á landi og framtíðarmöguleikar á þeim vettvangi.

Kynning vísindarannsókna verður stór þáttur að vanda og verða innsend ágríp kynnt með veggspjaldi auk þess sem höfundar munu gera stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum. Öll ágríp sem samþykkt verða til kynningar á þinginu verða birt í sérstöku fylgiriti Læknablaðsins sem gefið verður út í tilefni af þinginu. Veitt verða verðlaun fyrir framúrskarandi rannsókn ungs læknis og fyrir besta framlag læknanna.

Í tengslum við þingið verður haldið málþing um frumulíffræði lungna fimmtudaginn 30. september. Þar verður greint frá afar áhugaverðum rannsóknum samstarfshóps vísindamanna á Landspítala og við Háskóla Íslands.

Að þinginu loknu verður hátíðarkvöldverður á veitingastaðnum Silfri á Hótel Borg.

Aðalstyrktaraðili þingsins er Vistor.

Upplýsingar um þingið og skráning er á [www.athygliradstefnur.is](http://www.athygliradstefnur.is)

Stjórn Félags íslenskra lyflækna:

Runólfur Pálsson, formaður

Sigurður Ólafsson, gjaldkeri

Davíð O. Arnar, ritari

Rafn Benediktsson, formaður vísindanefndar

Hlíf Steingrímsdóttir

Sigurður Guðmundsson



**Expert IQ**  
Medical Staffing

## Læknastörf erlendis

Hefur þú áhuga á að vinna í Bandaríkjunum, Ástralíu eða Nýja-Sjálandi?

- Auknar tekjur
- Ný lífsreynsla
- Stærra tengslanet

Við útvegum læknum bæði Locum Tenens störf og fastar stöður. Upplýsingar í síma 867-0930, +1-407-243-7601, eða [info@ExpertIQMedical.com](mailto:info@ExpertIQMedical.com)

## Læknastofur til leigu

Fjórar læknastofur til leigu að Sogavegi 108 (fyrir ofan Garðsapótek).

Nánari upplýsingar veitir Haukur Ingason í síma 8645590.